

Samráðsgátt stjórnvalda
Innviðaráðuneytið
Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála

Reykjavík, 4. mars 2025

Efni: Áform um lagasetningu til breytingar á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (almenn skráningarskylda leigusamninga í leiguskrá), mál nr. S-41/2025

Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt áform um breytingu á húsaleigulögum sem felst í því að gera skráningarskyldu leigusamninga í leiguskrá HMS almenna. Samkvæmt núgildandi lögum tekur skráningarskyldan eingöngu til þeirra leigusala sem hafa atvinnu af útleigu íbúðarhúsnæðis. Eins og fram kemur í upplýsingum með áformunum var í upphaflegu frumvarpi til breytinga á húsaleigulögum, sem tóku gildi hinn 1. september sl., kveðið á um slíka skráningarskyldu en í meðferð Alþingis breyttist frumvarpið og skráningarskyldan var takmörkuð.

BSRB sat í starfshópi sem kom að gerð frumvarpsins og var bandalagið mjög skýrt í þeirri afstöðu sinni að slík skráningarskylda þurfi að ná til allra leigusamninga íbúðarhúsnæðis til þess að þær breytingar sem frumvarpið fól í sér gætu virkað og frumvarpið náð markmiðum sínum. Þessi afstaða kom meðal annars fram í umsögn bandalagsins um frumvarpið til velferðarnefndar Alþingis.

BSRB fagnar áformum stjórnvalda um að breyta lögunum með framangreindum hætti og mun styðja við efni frumvarps þess efnis þegar það kemur frá ráðuneytinu og verður lagt fram á Alþingi.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Hrannar M. Gunnarsson', is positioned above the printed name.

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur